

## 2. gr.

Skólameistari ákveður, að höfðu samráði við skólaráð og almennan kennarafund, upphaf og lok skólastarfs ár hvert á bilinu 22. ágúst – 31. maí. Hann skal tilkynna kennurum og nemendum þá ákvörðun fyrir lok næsta skólaárs á undan.

## 3. gr.

Leyfis dagar nemenda skulu vera sem hér greinir: Jólaleyfi frá og með 21. desember til og með 3. janúar, páskaleyfi frá pálmásunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska. Aðrir leyfis dagar eru eingöngu þeir sem lögboðnir eru.

## 4. gr.

Vilji skóli starfrækja sumarönn skal hann leita heimildar menntamálaráðherra. Um starfsemi framhaldsskóla á sumarönn fer samkvæmt námskrá handa framhaldsskólum og gildandi lögum og reglugerðum um starfsemi þeirra.

## 5. gr.

Við mat á hlut kennslu í árlegum starfstíma skóla er miðað við þá daga sem nemendur sækja skóla skv. stundaskrá undir skipulegri leiðsögn kennara. Sé kennsla, sem nemur heilli kennslustund eða meira, felld niður hjá meira en helmingi nemenda á sama tíma skal kennsla talin skert hlutfallslega af reglulegum kennslutíma skóla skv. stundaskrá. Niðurfelling kennslu í tvær kennslustundir af átta sem yfir helmingur nemenda ætti að sækja tiltekinn kennsludag myndi skerða kennslu um 25%. Slíkar hlutfallstölur yrðu lagðar saman til þess að telja skerta kennslu annar eða skólaárs. Skólasetningardagur telst ekki kennsludagur nema kennsla fari að öðru leyti fram skv. stundaskrá. Skólaslitadagur og/eða afhendingardagur einkunna telst reglulegur kennsludagur.

Vinnudagar kennara á árlegum starfstíma skóla eru: reglulegir kennsludagar, skertir kennsludagar, próf- og námsmats dagar og aðrir vinnudagar á árlegum starfstíma.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 80/1996, sem og með vísan til 2. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. sömu laga, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 552/1997 um starfstíma framhaldsskóla og leyfis daga.

*Menntamálaráðuneytinu, 8. janúar 2001.*

**Björn Bjarnason.**

*Þórunn J. Hafstein.*

## AUGLÝSING

**varðandi viðmiðunarreglur aðalnámskrár framhaldsskóla um námsframvindu nemenda vegna skólaársins 2000-2001.**

## 1. gr.

Menntamálaráðherra tekur fram eftirfarandi varðandi viðmiðunarreglur framhaldsskóla um námsframvindu nemenda í framhaldsskólum, sbr. bls. 39-40 í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta:

Prátt fyrir ákvæði aðalnámskrár um að nemandi skuli ljúka 9 einingum á önn hið minnsta eða ná fullnægjandi námsárangri í námi sem svarar til 18 kennslustunda á viku, er skóla-meisturum heimilt að víkja frá því ákvæði vegna yfirstandandi skólaárs í ljósi hinna sérstöku aðstæðna er uppi eru vegna verkfalla framhaldsskólakennara á haustönn.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 8. janúar 2001.*

**Björn Bjarnason.**

*Þórunn J. Hafstein.*

## REGLUGERÐ

### um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 2001.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókun við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs.

2. gr.

Veiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands skulu háðar leyfum Fiskistofu. Ekki skulu fleiri en þrjú norsk skip hafa leyfi til línuveiða samtímis.

Norsk stjórnvöld skulu sækja um leyfi fyrir skip til línuveiða til Fiskistofu. Í umsókn skal tilgreina nafn skips, skrásetningarnúmer, stærð, tegund fjarskiptabúnaðar og kallmerki.

3. gr.

Norskum skipum sem hafa leyfi til línuveiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi, samkvæmt þessari reglugerð, er heimilt að veiða samtals 500 tonn af keilu, löngu og blálöngu m.v. afla upp úr sjó. Auk þess er þeim heimilt að veiða alls 125 tonn af öðrum tegundum, þó ekki meira en 25 tonn af lúðu, 50 tonn af grálúðu og 50 tonn af karfa miðað við afla upp úr sjó.

Í veiðiferð skal afli í öðrum tegundum en keilu, löngu og blálöngu ekki vera meiri, en sem nemur 25% af samtals afla skipsins í keilu, löngu og blálöngu. Lúðuafli skal ekki vera meiri en sem nemur 5%, og afli af grálúðu og karfa ekki meiri en sem nemur 10% í hvorri tegund.

Fari afli í einhverri einstakri tegund, annarri en keilu, löngu eða blálöngu, yfir 50% af heildarafla þegar lína er dregin, er óheimilt að leggja línuna aftur nær þeim stað en 5 sjómílur.

Afla skal haldið aðgreindum eftir tegundum um borð í skipinu.

Leyfi norskra skipa til línuveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands falla úr gildi þegar sameiginlegur afli skipanna hefur náð þeim leyfilega heildarafla sem ákveðinn er í þessari grein.

4. gr.

Norskum skipum sem leyfi hafa fengið til línuveiða er einungis heimilt að stunda veiðar sunnan 64°00'N og utan 12 sjómílna frá grunnlínu, sbr. reglugerð nr. 299/1975.